

**Fundargerð 107. fundar Fræðslusjóðs**  
**Þriðjudaginn 27. apríl 2021 kl. 13:00 – 14:00.**  
**Haldinn í fjarfundi.**

**Mætt:** Hellen Magnea Gunnarsdóttir, formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Eyrún Björk Valsdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Klara Baldursdóttir Briem, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Magnús Ingvason, Margrét Sigurðardóttir

**Frá FA:** Sigríður Guðmundsdóttir og Björn Garðarsson.

**Gestur:** Auðunn Haraldsson, sérfræðingur hjá Ernst & Young

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar** (fskj. 01. Fundargerð 106. fundar)

Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Fundargerðin verður send stjórnarmönnum er sátu fundinn til rafrænnar undirskriftar.

**2. Ársreikningur Fræðslusjóðs 2020** (fskj. 02. Ársreikningur 2020 Drög)

Björn fór yfir reikninginn. Helstu stærðir í reikningum eru:

Gjöld:

Vottaðar námsleiðir .....	475.944.900
Raunfærnimat .....	162.703.358
Náms- og starfsráðgjöf .....	127.928.089
<u>Nýsköpunar- og þróunarverkefni .....</u>	<u>37.318.000</u>
Samtals .....	803.894.347

Tekjur

Framlag frá ríkissjóði .....	796.100.000
Tekið af óráðstöfuðu eigin fé frá fyrra ári .....	7.568.328
<u>Vaxtatekjur að frádregnum fjárm.tekjuskatti ....</u>	<u>226.019</u>
Samtals .....	803.894.347

**Afgreiðsla:** Reikningurinn var samþykktur og undirritaður rafrænt á staðnum.

**3. Ársskýrsla Fræðslusjóðs 2020** (fskj. 03. Ársskýrsla 2020)

Drög að ársskýrslu voru lögð fram með fundargögnum og kynnt á fundi. Framsetning og efnistöð eru með sama hætti og á síðasta ári. Skýrslan er fyrst og fremst hugsuð sem rafrænt skjal og í henni eru tengingar á ýtarefni á vef FA.

**Afgreiðsla:** Ekki komu fram athugasemdir við skýrsluna og var hún samþykkt. Skýrslan verður birt á vef FA.

**4. Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2021** (fskj. 04. Yfirlit umsókna)

Lagt var fram yfirlit yfir umsóknir um nýsköpunar- og þróunarstyrki, en umsóknarfrestur rann út mánudaginn 19. apríl s.l. Alls bárust 26 umsóknir alls að upphæð 81.126.000. Til úthlutunar eru 30.000.000. Úthlutunarnefnd hefur fengið umsóknirnar til yfirferðar og umsagnar. Stefnt er að því að hún leggi fram tillögur sínar á fundi stjórnar sjóðsins í lok maí.

## 5. Erindi frá samstarfsaðilum

### 5.1. SÍMEY- flutningur milli flokka (fskj. 05.1. SÍMEY-flutningur milli flokka og fskj. 05.1 Heimild fræðsluaðila til að flytja milli flokka)

**Afgreiðsla:** Samþykkt að heimild stjórnar sjóðsins frá því 2020 um flutning milli flokka verði framlengd til loka árs 2021. FA falið að uppfæra heimildina og upplýsa samstarfsaðila sjóðsins.

### 5.2. Framvegis – Námskráin Tæknilæsi og tölvufærni á verðlista Fræðslusjóðs

(fskj. 05.2 Nýjar námskrár á verðlista og fskj.05.2. Tæknilæsi og tölvufærni)

### 5.3. Framvegis – Námskráin Sterkari starfskraftur á verðlista Fræðslusjóðs

(fskj. 05.2 Nýjar námskrár á verðlista og fskj. 05.3. Sterkari starfskraftur)

Umræða skapaðist um (lágmarks-) lengd námsleiða og áhrif á vilja markhópsins til að skuldbinda sig til þátttöku í þeim eftir því sem þær lengjast.

**Afgreiðsla:** Umræðan er hluti umræðu um endurskoðun skilmála og úthlutunarreglna sjóðsins og endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Samþykkt að taka námskrárnar inn á verðlista Fræðslusjóðs. FA upplýsir fræðsluaðila um þessar nýju námskrár.

## 6. Skilmálar og úthlutunarreglur – framhald frá síðasta fundi

(fskj. 06.1 Yfirlit skjala)

(fskj. 06.2 Skjal 1a) tillaga send til ráðherra)

(fskj. 06.3 Skjal 1b) tillaga send til ráðherra)

(fskj. 06.4 Skjal 2 svar frá skilmálahópi)

(fskj. 06.5 Skjal 3 fundargerð stefnumótunarfundar)

(fskj. 06.6 Skjal 4 minnisblað í kjölfar stefnumótunarvinnu)

(fskj. 06.7 Úr fundargerðum Fræðslusjóðs)

**Afgreiðsla:** Fyrir næsta fund skoði starfsmenn og framkvæmdastjóri FA skilmála sjóðsins og samninga um greiðslur til fræðsluaðila og uppgjorsreglur. Lagt til að stjórn fari í heildarendurskoðun á úthlutunum og uppgjöri til vottaðra námsleiða. Stefnt skuli að því að nýjar reglur liggi fyrir í byrjun haust 2020. Endurskoðun laganna hefur verið frestað en vinna er í gangi í nokkrum undirhópum.

Samþykkt að halda auka stjórnarfund í maí þar sem uppgjorsreglur verða ræddar nánar. Formanni, varformanni, framkvæmdastjóra FA og fjármálastjóra FA falið að móta taka saman nauðsynleg gögn og móta fyrstu drög að tillögum.

## 7. Uppgjör Menntastoða – framhald frá síðasta fundi

**Afgreiðsla:** Þessi umræða tengist umræðu undir 6. lið hér að framan og verður felld inn í þá umræðu.

## 8. Önnur mál

Engin önnur mál voru lögð fram á fundinum.

Fundi slitið.